

Ár 2008, mánudaginn 23. júní kl. 11.45 er dómþing áfrýjunardómstóls knattspyrnusambands Íslands háð á skrifstofu Brynjars Níelssonar, Lágmúla 5, Reykjavík, af Brynjari Níelssyni, Herði Felix Harðarsyni og Jóhannesi Albert Sævarssyni

Fyrir er tekið:
Mál nr. 3/2008:
Knattspyrnufélag ÍA
Gegn
Aga-og úrskurðarnefnd KSÍ

Í málinu er kveðinn upp svofelldur

Dómur:

I.

Mál þetta dæma Brynjar Níelsson, Hörður Felix Harðarson og Jóhannes Albert Sævarsson.

Hinn áfrýjaði úrskurður var kveðinn upp þann 10. júní 2008 af aga-og úrskurðarnefnd KSÍ. Samkvæmt honum var Karitas Hrafns Elvarsdóttir og Haraldur Sigfús Magnússon úrskurðuð í tímabundið leikbann eins og þar er nánar tilgreint. Jafnframt var knattspyrnudeild ÍA sektuð um kr. 30.000.-

Sigrún Ríkharðsdóttir, formaður knattspyrnufélags ÍA og Þorbjörg Unnur Magnúsdóttir, formaður kvennanefndar knattspyrnufélagsins ÍA áfrýjuðu úrskurði varnaraðila að því er varðar Karitas Hrafns Elvarsdóttir og gerðu þá kröfu að hún verði sýknuð og refsing hennar felld niður. Við fyrirtöku máls þessa 20. júní krafðist fyrirsvarsmaður sóknaraðila að leikbann Karitasar Hrafns Elvarsdóttur verði felld úr gildi. Fyrirsvarsmaður varnaraðila krafðist staðfestingar hins kærða úrskurðar um leikbann Karitasar.

Mál þetta telst agamál í skilningi II. kafla málsmeðferðarreglna reglugerðar KSÍ um aga-og úrskurðarmál og verður því dæmt samkvæmt nefndum málsmeðferðarreglum, sbr. grein 8.3 í reglugerð KSÍ um áfrýjunardómstólinn, án þess að ný gögn verði lögð fyrir dóminn eða vitna og aðilaskýrslur fari fram, sbr. 8.2 í reglugerðinni. Með hliðsjón af málalíbúnaði málsaðilja telur dómurinn ekki þörf á að víkja frá þessu ákvæði í grein 8.2.

Áfrýjunardómstóli KSÍ hafa borist eftirfarandi gögn frá skrifstofu KSÍ sem lögð voru fram við fyrirtöku málsins þann 20. júní s.l.:

- Nr. 1, Áfrýjun knattspyrnufélags ÍA, dags. 12. júní 2008 og móttokin sama dag á skrifstofu KSÍ.
- Nr. 2, Úrskurður aga-og úrskurðarnefndar KSÍ, dags. 10. júní 2008
- Nr. 3, Afrit leikskýrslu vegna leiks ÍA/Aftureldingar gegn Haukum í 2. fl. Kvenna sem fram fór þann 26. maí 2008.

Nr. 4, Greinargerð sóknaraðila, dags. 4. júní 2008

Nr. 5, Tilkygning varnaraðila um niðurstöðu málsins, dags. 10. júní 2008.

Nr. 6, Bréf aga-og úrskurðarnefndar til sóknaraðila, dags. 3. júní 2008 þar sem óskað er eftir skriflegri greinargerð

II.

Málavextir er þeir að dómari í leiks ÍA/Aftureldingar og Hauka í 2. flokki kvenna á Íslandsmóti, sem fram fór á Akranesvelli 26. maí s.l., skrifaði á leikskýrslu að leikmaður nr. 9 væri ranglega skráður á leikskýrslu. Staðfest er og óumdeilt að Karitas Hrafns Elvarsdóttir lék í umræddum leik í treyju nr. 9 en á leikskýrslu er Þórey Hólm Heimisdóttir skráð sem leikmaður í treyju nr. 9. Jafnframt er óumdeilt að Karitas er fædd 1988 og því ekki hlutgeng til keppni með 2. flokki kvenna í mótum á vegum KSÍ.

Á grundvelli athugasemda dómara leiksins tók aga-og úrskurðarnefnd KSÍ til umfjöllunar leikskýrslu leiksins, sbr. grein 3.1 í starfsreglum nefndarinnar. Fjallaði nefndin um málið á fundum sínum 3, 7. og 10. júní 2008. Að beiðni nefndarinnar skilaði knattspyrnufélagið ÍA greinargerð, sem virðist hafa verið móttokin þann 7. júní. Þar er atvikum lýst í málavaxtaföllu, sem eru sömu og tilgreind eru í tilkynningu um áfrýjun, en þau eru í aðalatriðum að Karitas hafi tekið þátt í leiknum að beiðni þjálfarans, Haraldar Magnússonar, sem hafi séð um gerð leikskýrslunnar og hún hafi ekki vitað að um leik í Íslandsmóti væri að ræða. Lýsing knattspyrnufélags ÍA á málsatvikum hefur ekki sætt andmælum af hálfu aga-og úrskurðarnefndar, hvorki við meðferð málsins hjá nefndinni né fyrir áfrýjunardómstólnum.

Að fenginni greinargerð knattspyrnufélags ÍA kvað aga-og úrskurðarnefnd KSÍ upp úrskurð þann 10. júní þar sem Karitas Hrafns Elvarsdóttir var úrskurðuð í tímabundið leikbann til og með 15. október 2008. Þá var Haraldur Magnússon, þjálfari ÍA, úrskurðaður í tímabundið leikbann til og með 31. desember 2008 auk þess sem knattspyrnudeild ÍA var sektuð um kr. 30.000.- en þeim ákvörðunum var ekki áfrýjað.

III.

Sóknaraðili byggir kröfu sína m.a. á því að Karitas hafi ekki vitað af því að umræddur leikur hafi verið í móti á vegum KSÍ. Hún hafi einungis tekið þátt í leiknum að beiðni þjálfarans sem hafi borið ábyrgð á leikskýrslu. Hún hafi ekki sagt rangt til um aldur sinn eins og áskilið sé í ákvæði 40.2 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót til að brot geti talist. Telur sóknaraðili að ákvæðið verði að skýra þröngt. Af atvikalýsingu málsins sé ljóst að orðalag ákvæðisins eigi ekki við um tilvik sem hér um ræðir. Hún hafi aldrei leynt aldri sínum og ákvörðun um þátttöku Karitasar í leiknum hafi verið þjálfarans sem hafi vitað að hún væri ekki hlutgeng í leik með 2. flokki kvenna.

IV.

Ekki var skilað sérstakri greinargerð í málinu af hálfu varnaraðila. Við fyrirtöku málsins 20. júní s.l. vísaði varnaraðili til þess að Karitas hafi iðkað knattspyrnu lengi og hafi vitað

að hún væri ekki hlutgeng með 2. flokki vegna aldurs. Að öðru leyti vísaði varnaraðili til úrskurðarins.

V.

Óumdeilt er að Karitas Hrafns Elvarsdóttir tók þátt sem leikmaður í leik ÍA/Aftureldingar og Hauka í 2. flokki kvenna í Íslandsmóti án þess að vera hlutgeng til þess samkvæmt mótareglum KSÍ. Þá verður ekki annað ráðið af gögnum málsins en að þátttaka Karitasar í leiknum hafi verið að beiðni þjálfara liðsins og verið hans ákvörðun þrátt fyrir vitneskju um að hún væri ekki hlutgeng til þess. Fyrir liggur í málinu að leikskýrsla var ranglega fyllt út. Í ákvæðum 40.3. og 40.4 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót eru skýrar reglur um ábyrgð og viðurlög þjálfara og félags þegar svo stendur á. Óljósara er um ábyrgð leikmanns sem tekur þátt í knattspyrnumóti á vegum KSÍ þar sem hann er ekki hlutgengur til enda ekki beint viðurlagaákvæði um slíkt tilvik í lögum og reglum KSÍ.

Það er meginregla við lögskýringar að engum verði refsað nema refsheimild um háttsemina sé skýr. Rýmkaði lögskýring eða lögjöfnun verður almennt ekki beitt við skýringu refsíákvæða. Í ákvæði 40.2 stendur að segi leikmaður vísvitandi rangt til um aldur sinn til að leika með öðrum aldursflokki en honum beri, skuli hann sæta leikbanni til loka keppnistímabilsins. Það er ekkert í gögnum málsins sem gefur ástæðu til að ætla að Karitas hafi sagt rangt til um aldur sinn til að geta spilað umræddan leik með 2. flokki. Leikmaðurinn og þjálfari hafa gefið skýringar á hvernig það var tilkomið að hún tók þátt í leiknum, sem ekki hafa verið rengdar. Lítur dómurinn því svo á að ekki sé til staðar heimild til að úrskurða Karitas í leikbann á grundvelli þessa ákvæðis. Breytir þar engu um þótt hún hafi vitað eða hlotið að vera ljóst að umræddur leikur var í móti á vegum KSÍ. Með vísan til alls framangreinds verður hinn áfrýjaði úrskurður felldur úr gildi er varðar leikbann Karitasar Hrafns Elvarsdóttur.

Við meðferð málsins hjá aga-og úrskurðarnefnd var óskað eftir skriflegri greinargerð frá sóknaraðila þar sem fram kæmu skýringar þjálfara og leikmannsins eins og heimilt er í ákvæði 5.3. Rétt hefði verið að mati dómsins að málsmeðferð hefði farið eftir reglum um kærsmål þar sem mál þetta var alvarlegs eðlis og þung viðurlög liggja við broti, sbr. ákvæði 6.3. Með hliðsjón af því og að greinargerð lá fyrir í málinu frá sóknaraðila hefði verið rétt að efni úrskurðarins væri í samræmi við ákvæði í grein 10 í reglugerðinni. Að þessu leyti er málsmeðferð aga-og úrskurðarnefndarinnar aðfinnsluverð.

Dómsorð:

Fellt er úr gildi leikbann Karitasar Hrafns Elvarsdóttur.

Brynjar Níelsson

Hörður Felix Harðarson

Jóhannes Albert Sævarsson